



ALÞINGI

Alþingi
Erindi nr. P135/1587
komudagur 25.2.2008

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA ALÞINGIS

upplysing@althingi.is

Sími: 5630630

8.11.2007

Efni: Fjárstuðningur hins opinbera við stjórnámálaflokka á Norðurlöndum

Upplýsingarnar hér á eftir byggja í aðalatriðum á svörum frá upplýsinga- og rannsóknþjónustum Norrænu þjóðþinganna sem bárust til ECPRD (European Centre for Parliamentary Research and Documentation) í janúar 2007 sem svar við fyrirspurn, fjárlögum ríkjanna og ritinu „Lobbying, government relations and campaign finance worldwide : navigating the laws, regulations and Practices of National Regimes. Ed.: Thomas D. Grant. Oceana Publications, 2005.

Taka verður fram að svörin gefa hugmynd um stöðu þessara mála en eru ekki að öllu leyti sambærileg vegna mismunandi reglna í löndunum.

Ísland:

Stjórnámálaflokkar á Íslandi fá fjárveitingu skv. heimild í 6. gr. fjárlaga samkvæmt umsóknnum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra, enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum. Fjárlagaliður 09-999-1.18.

Hlutfall pr. þingmann (m.v. 2007)

310 millj.kr/63 = 4,92 millj. kr. pr. þingmann.

Sem hlutfall af fjárlögum (m.v. fjárlög 2007)

310/367.260,0 = 0,0844%

Danmörk:

Danskir stjórnámálaflokkar fá fjárveitingar árlega á grundvelli atkvæða sem greidd eru flokknum í síðustu kosningum á lands- og sveitarstjórnarvísu. Til að fá fjárstuðning þurfa flokkarnir að minnsta kosti 1000 atkvæði í þingkosningum og 500 atkvæði á sveitarstjórnarstigi. Flokkarnir byggja afkomu sína að tveimur þriðju hlutum á opinberu fé. Þingflokkar fá stuðning á grundvelli fjölda þingsæta. Allir flokkar fá fasta upphæð og að auki ákveðna upphæð á þingmann.

Hlutfall pr. þingmann (m.v. 2006)

101,0 millj. DKK. / 179 = 0,56 millj. DKK pr. þingmann = 6,6 millj. ÍKR pr. þingmann.¹

Sem hlutfall af fjárlögum (m.v. fjárlög 2006):

101,0 millj. DKK / 461.275,5 = 0,0219% af fjárlögum

Svíþjóð:

Ríkið, þingið og sveitarstjórnir veita styrki til flokka sem hafa unnið sæti í viðkomandi kosningum. Úthlutunin byggist á þinghlutfalli flokkanna. Flokkar án þingsæta fá einnig stuðning að því tilskildu að þeir hafi fengið sem nemur 2,5% atkvæða á landsvísu í tveimur síðustu kosningum. Stuðningur ríkisins skiptist í flokksstyrk og styrk til að reka skrifstofu.

Hlutfall pr. þingmann (m.v. 2006)

360 millj. SEK / 349 = 1,03 millj SEK pr. þingmann = 9,8 millj. ÍKR pr. þingmann.

Sem hlutfall af fjárlögum (m.v. fjárlög 2007*)

360/790.559,740 = 0,0456% af fjárlögum

* Hef ekki undir höndum eldri tölur, en talan 360 milljónir er „rúnuð“ tala.

Noregur:

Opinber stuðningur við stjórnmalaflokka í Noregi er mjög hár og er aðal tekjulind flokkanna. Þessi há stuðningur er réttlættur með mikilvægi starfsemi stjórnmalaflokkanna fyrir lýðræðið í landinu og að með því að styrkja flokkana myndarlega minnki líkurnar á að þeir þurfi að sækja stuðning til „vafasamra“ aðila. Framlag ríkisins byggir á fjölda atkvæða sem flokkur fær í síðustu kosningum. Einungis skráðir flokkar fá styrk frá ríkinu. Flokkar verða að ná 2,5% atkvæða á landsvísi til að eiga rétt á stuðningi, en á sveitarstjórnarstiginu eru engin slík takmörk en styrkirnir eru mun lægri. Að auki fá kjörnir fulltrúar á þingi og á sveitarstjórnarstigi ríkisstyrk ofan á mánaðarlaun sín. Þingflokkar í stjórnarandstöðu fá hærri upphæðir.

Hlutfall pr. þingmann (m.v. 2007)

420 millj. NOK /169 = 2,49 millj. NOK pr. þingmann = 28,3 millj. ÍKR

Sem hlutfall af fjárlögum (m.v. fjárlög 2007)

420/1.205.571,852 = 0,0348 %

Finnland:

Ríkið greiðir árlegan styrk til flokkanna og til Álandseyja til styrktar pólitísku starfi. Flokkarnir mega nota þetta fé eða hluta þess í stjórnmalabaráttu sína.

Ath. að fjárhæðirnar eru hér settar fram í þúsundum €

Hlutfall pr. þingmann (m.v. 2007)

25.761 þús. €/200 = 129 þús. € = 11,4 millj. ÍKR

Sem hlutfall af fjárlögum (m.v. fjárlög 2007)

12.761/40.517.211 = 0,0315%

Samanburður á fjárframlögum til stjórnmalaflokka á Norðurlöndum:

Land	Ísland 2007	Danmörk 2006	Svíþjóð 2006/'07	Noregur 2007	Finnland 2007
Upphæð pr. þingmann í ÍKR	4,92 millj.	6,6 millj.	9,8 millj.	28,3 millj	11,4 millj.
Hlutfall af fjárlögum	0,0844%	0,0219%	0,0456%	0.0348%	0,0315%

ⁱⁱ Allar gengistölur miðast við miðgengi Seðlabanka Íslands 8.11.2007